

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2000 frá 11. apríl 2000⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til ákvörðunar ráðsins 2001/51/EB frá 20. desember 2000 um að koma á fót áætlun í tengslum við rammaáttak bandalagsins um jafnrétti kynjanna (2001-2005)⁽²⁾.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist með gildistöku frá 1. janúar 2001.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 67 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.16.2000, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 17, 19.1.2001, bls. 22.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 5. gr. í bókun 31 við samninginn:

1. Eftirfarandi komi í stað textans í 5. mgr.:

„EFTA-ríkin skulu taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í fyrstu tveimur undirliðunum í 8. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í þriðja undirlið frá 1. janúar 2000 og í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið með gildistöku frá 1. janúar 2001.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr.:

„- **32001 D 0051**: Ákvörðun ráðsins 2001/51/EB frá 20. desember 2000 um að koma á fót áætlun í tengslum við rammaáttak bandalagsins um jafnrétti kynjanna (2001-2005) (Stjtið. EB L 17, 19.1.2001, bls. 22).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2001.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann